

AUGLÝSING

um hættumat vegna snjóflóða fyrir skíðasvæði í Hlíðarfjalli, Akureyri.

Samkvæmt 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 27. ágúst 2013 staðfest hættumat vegna snjóflóða fyrir skíðasvæðið í Hlíðarfjalli á Akureyri.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 636/2009 um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 27. ágúst 2013.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Stefán Thors.

B-deild – Útgáfud.: 11. september 2013